

hans af öðrum toga spunninn. Hermannshendin hafði ekki ætíð haft tíma til að signa sig, áður en til orustunnar var gengið.

Hann var mikill bókamaður, las allt, sem hann kom lögum yfir, einkum trúmálarit þeirra tíma. Hann var einkar frjálslyndur í skoðunum og mjög andstæður ýmsum kenningum, er þóttu sanngjarnar þá, eins og útskúfunarkenningunni, þrenningarlærdomnum og því, að kraftaverkasögur N. Testam. sönnuðu nokkuð til eða frá um sannleika kristindómsins. En einmitt um þáð atriði var þá hvað mest deilt meðal læðra manna.

En þrátt fyrir þessar trúarskoðanir sínar hafði eldri Parker almenningsorð á sér fyrir hreinlyndi, ærlegheit og orðheldni, og vitsmunamaður þótti hann mikill. Þó má af öllu merkja, að Theodore hefir þótt vænna um móður sína. Enda var hún þýðari í lund og viðkvæmari fyrir öllu, er hann snerti, en faðir hans.

Sex ára byrjaði Parker að ganga í alþýðuskólann, en þegar hann var níu ára, gat hann að eins sinnt skóla að vetrinum til, því á sumrin varð hann að hjálpa til við vinnubrögðin heima.— Árið 1820 lauk hann við barnaskólann og byrjaði á latínu og grísku námi undir tilsgögn Hr. Wm. White, er þá var stúdent við Harvard, en varð síðar prestur við Unitarákyrkju skammt frá Boston.

1826 var hann búinn að ljúka sér af við alþýðuskólana, og byrjaði þá sjálfur að kenna á barnaskólum þar í grenndinni. Í þann tíma, eins og svo ótal sinnum síðan, var þá eina úrræðið og einu möguleikarnir að hafa saman nokkra dali fyrir framhaldandi skólastofnaði, fyrir þá er líttinn eða engan styrk gátu fengið að heiman. Kaupið var nijög lágt, að eins \$25 um mánuðinn, og af því varð hann að borga \$10 til vinnumanns, er hann varð að leggja til í sinn stað heima. Á afganginum varð hann að fæða sig og klæða, en þó dróg hann svo til muna, að hann gat keypt sér þær bækur, er hann þarfnaðist.

Seint um sumarið 1830 fór hann einn morgunn fótgangandi inn til Cambridge á laun við föður sinn, gekk undir inntökupróf við háskólann og náði heim aftur næsta kvöld. Er heim kom, var heimilisfólk allt gengið til sængur. Hann sagði föður sínum tifindin, og létt karl vel yfir, en sagði honum þó, að ekkert gæti hann hjálpað honum, og yrði hann þar fyrir sjálfur að sjá, hver